

Björn Ólafsson

konsertmeistari

Upptökur úr safni Ríkisútvarpsins frá 1959 – 1961
fluttar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
sunnudaginn 29. maí 2022 kl 17:00

Björn Ólafsson konsertmeistari fæddist 26. febrúar 1917. Hann var meðal fyrstu nemenda Tónlistarskólans í Reykjavík og einn þeirra fjögurra sem fyrstir voru brautskráðir úr skólanum vorið 1934. Hann stundaði framhaldsnám í Vínarborg og lauk prófi þar vorið 1939 með þeim árangri að hann var strax ráðinn í fyrstu fiðlu að Vínarfílharmoníunni sem þá var undir stjórn Wilhelm Furtwänglers. Hann kom heim til Íslands sumarið 1939 og ætlaði að standa stutt við, en síðari heimsstyrjöldin hófst þá um haustið og kom í veg fyrir að hann kæmist aftur til Vínar.

Björn réðst sem aðalfiðlukennari við Tónlistarskólann í Reykjavík, varð yfirkennari strengjadeildar skólans og stofnaði hljómsveit Tónlistarskólans. Þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið 1950 varð hann fyrsti konsertmeistari hljómsveitarinnar og hélt þeirri stöðu til 1972.

Koma Adolf Busch til Íslands haustið 1945 hafði mikil áhrif á Björn og veturinn 1947–1948 dvaldi hann vestanhafs og sótti tíma hjá honum.

Árið 1942 kvæntist hann Kolbrúnu Jónasdóttur og dvöldu þau mörg sumur hjá skyldfólki hennar á Halldórsstöðum í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu og undi Björn sér hvergi betur en þar.

Björn Ólafsson var í framvarðarsveit þeirra sem með þrotlausri vinnu sinni og hugsjónum náðu að auðga menningarlíf vort svo að við urðum á örskömmum tíma samkeppnishæf við aðrar Evrópuþjóðir.

Flutt í samvinnu við Safn-RÚV. Hreinn Valdimarsson yfirfærði upptökurnar á stafrænt form og hljóðhreinsaði. Stúdío Sýrland léði hljómflutningstæki. Þökk sé þeim.

Johann Sebastian Bach

a - moll s3nata BWV 1003

Grave

Fuga

Andante

Allegro

g - moll s3nata BWV 1001

Adagio

Fuga, Allegro

Siciliana

Presto

d - moll part3ta BWV 1004

Allemanda

Corrente

Sarabanda

Giga

Ciaccona

Minningarbrot um Björn Ólafsson

Úr erindi sem flutt var á Halldórsstöðum í Laxárdal 19. ágúst 2016

Vinnudagur Björns voru óskaplega langir. Hver dagur hófst með eintali við meistarann Bach, síðan tóku við æfingar hjá Sinfóníuhljómsveitinni. Eftir hádegi voru fundir og kennsla alveg fram á kvöld. Nemendahljómsveit tónlistarskólans æfði t.d. tvö kvöld í viku frá 8 – 10. Konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar verður að þekkja tónverkin öðrum betur, ákveða strok og leiðbeina öðrum. Hann kom oft fram sem einleikari með hljómsveitinni.

Þeir félagar Björn og Árni Kristjánsson píanóleikari héldu fjölda tónleika víða um land. Af blaðaskrifum má sjá hvernig heim sóknir þeirra í byggðalög úti á landi kveiktu elda áhuga og hugsjóna heimamanna um uppbyggingu tónlistarstarfs, stofnun tónlistarféлага og skóla.

Eftir að Björn kom frá Bandaríkjunum vorið 1948 stofnaði hann strengjakvartett. Í fyrstu var sá kvartett á launum hjá Ríkisútvarpinu við að æfa og leika í útvarpssal og meðal annars léku þeir og hljóðrituðu alla sex strengjakvartetta Beethovens ópus 18 og kynnti Björn þá á undan.

Mér var til láns að ung að árum varð ég nemandi Björns og var hann leiðbeinandi minn og fyrirmynd í 9 ár – og að mörgu leyti sem annar faðir. Góður kennari miðlar ekki eingöngu af því námsefni sem verið er að glíma við, heldur einnig af eigin sýn á menningu og mannlíf. Af öllum þeim leiðbeinendum sem ég hitti og kynntist síðar, var enginn eins fullur af mannkærleika og hjálpssemi, og enginn eins meðvitaður í þjónustu gyðju tónlistarinnar.

Starfsaldur Björns var aðeins 36 ár. Hann veiktist árið 1974 og lést 31. mars 1984.

Hlíf Sigurjónsdóttir